

27. tbl.

28. ág. 2024

31 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Fuglar í skógi



Aðalfundur Skógræktarfélags Fnjóskdæla

Miðvikudaginn 4. september kl. 20:00

Gamla barnaskólanum Skógum, Fnjóskadal

Venjubundin aðalfundarstörf, þá flytur Sverrir Thorstensen fyrirlestur um fugla í skógi og verður með myndasýningu. Kaffi í lokin. Allir hjartanlega velkomnir.

Skógræktarfélag Fnjóskdæla

Hlaupastelpan töltir af stað

Hlaupastelpan er gefin út á miðvikudögum, veflestar vikur ársins, Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Verðskrá:

Hálfsíðauglýsing
heilsíðauglýsing

kr. 4.600.- m.vsk
kr. 6.620.- m.vsk.

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Þingeyjarsveit óskar eftir tómstundaleiðbeinendum í félagsmiðstöð



Unnið er með ungmennum á aldursbilinu 10-16 ára. Um er að ræða tímavinnu og vinnutími getur verið breytilegur en fer að mestu leyti fram milli kl. 17:00-22:00 tvo virka daga í viku. Starfsstöðvar eru annars vegar í Reykjahlíð og hins vegar í Aðaldal.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Umsækjandi þarf að vera eldri en 18 ára
- Mikill áhugi af starfi með börnum og unglingum
- Reynsla af því að vinna með börnum og unglingum er kostur, starfsmaður fær þó þjálfun
- Stundvísi og skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í samskiptum sveigjanleiki og samstarfshæfni
- Fjölbreytt áhugasvið sem nýtist í starfi félagsmiðstöðva er kostur
- Almenn tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku
-

Hreint sakavottorð er skilyrði

Nánari upplýsingar um starfið veitir Myrra Leifsdóttir verkefnastjóri æskulýðs-, tómstunda- og menningarmála í myrra@thingeyjarsveit.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Eingöngu er tekið við umsóknunum sem berast með því að fylla út rafrænt umsóknareyðublað á vef [Þingeyjarsveitar](#). Umsóknarfrestur er til 5. september.



Varðandi snjómokstur heimreiða

Samkvæmt nýsamþykktum reglum Þingeyjarsveitar um snjómokstur er ábúendum gert fært að sjá sjálfir um snjómokstur á sínum heimreiðum. Þeir sem sækjast eftir því að moka eigin heimreiðar og vilja fá greitt fyrir það þurfa að sækja sérstaklega um það.

Sveitarfélagið auglýsir hér með eftir umsóknum um heimreiðamokstur ábúenda. Um er að ræða þriggja ára samning. Í umsókn skal taka fram tækjakost og fyrirkomulag snjómokstursins, sveitarfélagið áskilur sér rétt til að hafna umsóknum ef tækjakostur er ekki í samræmi við kröfur sveitarfélagsins.

Umsóknir skulu sendar til sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs á netfangið ingimar@thingeyjarsveit.is.

Umsóknum skal skilað inn fyrir þriðjudaginn þriðja september næstkomandi en þá verður heimreiðamokstur auglýstur fyrir verktaka.

Þingeyjarsveit auglýsir eftir starfsmanni við félagsstarf eldri borgara í Mývatnssveit



Laus er 25% staða starfsmanns við félagsstarf eldri borgara í Þingeyjarsveit. Um er að ræða skipulag, undirbúning og umsjón á samverustundum eldri borgara. Samverustundir eru tvisvar í viku, annarsvegar í Mývatnssveit og hins vegar til skiptis í Þingeyjarskóla og Stórutjarnaskóla.

Starfið sem um ræðir er 25% starf við félagsstarf eldri borgara í Mývatnssveit, einn dag í viku. Starfmaður verður í samstarfi við starfsmenn félagsstarfsins á láglendinu.

Allar frekari upplýsingar veitir verkefnastjóri fjölskyldumála, Ásta F. Flosadóttir á netfangið: asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is.

Starfið hentar öllum kynjum og eru áhugasamir einstaklingar hvattir til að sækja um, óháð kyni.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 28. ágúst. Skila skal umsóknum á skrifstofur Þingeyjarsveitar, eða á netfangið umsokn@thingeyjarsveit.is



Þingeyjarsveit auglýsir

Þingeyjarsveit leitar að góðri manneskju til að sinna heimaþjónustu í Fnjóskadal.

Um er að ræða tímavinnu 2-6 klst í viku.

Sveigjanleiki í vinnutíma er mikill.

Áhugasamir sendi línu á sviðsstjóra fjölskyldusviðs:
asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is